# Verkefni í hræringi 1985-2000

## ljóð eftir Gyrði Elíasson

f
teið orðið kalt &
þau eru nýlega búin að
slökkva á sjónvarpinu (þáttur
um páskahald í ísrael)þegar gló
andi gorkúlan fyllir uppí gluggann
landslagsferníngurinn fellur sam
stundis af veggnum andartak
standa þau hlusta kasta
sér í gólfið grúfa sig
niður í snoðið teppið
klemma aftur augu
manstu
ofninn
í hans
& grét
u æpir
hún þú
meinar
nornina
umlar
hann svelgir brennheitt loft nær ekki andanum -
símamynd

Skrifaðu pistil um þetta ljóð Gyrðis, á að giska eina blaðsíðu í A-4, letur 12 punktar og 1,5 línubil.

Í umfjöllun þinni þarf að koma fram yrkisefni ljóðsins, vísanir í samfélagið og óvenjuleg uppsetning þess. Að öðru leyti hefur þú frjálsar hendur og gætir til að mynda látið framangreint varða þér leið í áframhaldandi skrifum.